Nd. 196. Nefndarálit

um frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað mál þetta frá ýmsum hliðum, fengið til viðtals 2 menn úr nefnd þeirri, er undirbjó frv., og borið það saman við lög þau, er nú gilda í þessu efni.

Þótt í frv. felist ekki miklar breytingar á gildandi lögum og skiftar muni verða skoðanir um haldkvæmi víðtækra bannákvæða um störf og athafnir manna á helgidögum, þá telur meiri hluti allsherjarnefndar tilgang frv. þess verðan, að því sje vel tekið. Viðleitni meiri hluta nefndarinnar í þessa átt eru nokkrar breytingar, sem hann vill gera á frv. og telur til bóta; þó eru þær meira skipulags og orðabreytingar en efnis, og þykir því nægja að gera grein fyrir þeim í framsögu.

Einn nefndarmanna (P. O.), sem undirskrifar þetta álit fyrirvaralaust, mun koma fram með sjerstaka brtt. við frv.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til við hv. deild, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. a. Fyrri málsgr. á eftir »helgidag stórhátíðanna« orðist svo:
og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árd. til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.
b. Síðari málsgrein, á eftir »þjóðkirkjunnar frá kl.« orðist svo:

11 árd. til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk . . . . . o. s. frv. til enda greinarinnar.

2. Við 2. gr. a. Í fyrstu málsgr. á eftir »búðum kaupmanna« komi: kaupfjelaga.
   b. 2. málsgr. og 3. málsgr. (»Þó skulu . . . . . áfenga drykki«) falli niður.
   c. 4. málsgr. 2. og 3. málsliður (»Þó má . . . . . 6 síðdegis«) orðist svo:

   Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemtanir nje heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

5. Við 7. gr. 2. málsliður orðist svo:

   Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sje gætt, ... o. s. frv. til enda greinarinnar.

6. Við 8. gr. Við greinina bætist: Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

   Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.

7. Við 9. gr. Greinin falli niður.

   Greinatala breytist eftir atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Pjetur Þórðarson, frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Pjetur Ottesen.